

# Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

---

Ársreikningur

---

**2006**

---

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum  
Fitjum  
260 Reykjanesbær  
kt. 640479-0279

# Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

---

Ársreikningur

---

2006

## **Efnisyfirlit**

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Tekju- og gjaldareikningur ársins 2006	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-13

---

# Áritun endurskoðenda

---

## Til stjórnar og eignaraðila Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma tekju og gjaldreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings. Þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og laga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fást um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegu annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatnið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæmi fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjanesbær 30. mars 2007


Deloitte hf.

  
Anna Birgitta Geirfinnsdóttir

endurskoðandi

Við undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn ársreikninga Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, höfum yfirlitað ársreikninginn og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjanesbær, 30. mars 2007



## Skýrsla stjórnar

---


Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og hlutveki þess er að annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir þau. Stærri verkefni eru fjármögnuð með lántöku og endurgreiða sveitarfélögin þau eftir því sem atþorganir og vextur af lántjarmögnun tulla til.

Á árinu störfuðu að meðaltali 5 starfsmenn hjá sambandinu miðað við heilsársstorf við starfsemi þess og tengdra fyrirtækja en bliti launakostnaðar er síðan gjaldfrelður hjá Sorpeyðingastöð Suðurnesja. Laun og launatengd gjöld færð á rekstur sambandsins á árinu námu samtals 12,4 milljónum króna. Hagnaður ársins nam um 5,1 milljónum króna og eigið fé í lok ársins nam um 35,7 milljónum króna.

Stjórn og framkvæmdastjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum staðfesta hér með árstekningu sárbauðsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 30. mars 2007

Í stjórn

  
Steinþór Jónsson  
stjórnarformaður


  
Oddur Harðardóttir

  
Jóna Kristín Þorvaldsdóttir

  
Sigurður Valur Ásbjarnarson

  
Burgir Óen Ólafsson

Framkvæmdastjóri

  
Guðjón Guðmundsson

## Tekju og gjaldareikningur ársins 2006

	Skýr.	2006	Áætlun 2006	2005
<b>Tekjur</b>				
Rekstrartekjur .....		17.624.577	14.210.000	15.590.504
Aðrar tekjur .....		405.552	0	473.158
		<u>18.030.129</u>	<u>14.210.000</u>	<u>16.063.662</u>
<b>Gjöld</b>				
Laun og tengd gjöld .....	3	12.350.340	12.033.000	11.910.774
Önnur rekstrargjöld .....		8.917.244	8.416.000	9.015.142
Þátttaka heilbrigðiseftirlits, brunavarna og almannavarna í stjórnunarkostnaði .....		<u>(6.239.000)</u>	<u>(6.239.000)</u>	<u>(6.055.000)</u>
		15.028.584	14.210.000	14.870.916
<b>Rekstrarhagnaður</b>		3.001.545	0	1.192.746
Fjármunatekjur .....	4	6.135.248	0	847.117
Fjármagnsgjöld .....	5	<u>(3.257.544)</u>	0	<u>2.226.111</u>
Tekjuafgangur af reglulegri starfsemi .....		5.879.249	0	4.265.974
Tekjur vegna verkefna SSS .....		983.600	0	0
<b>Tekjuafgangur ársins</b>		<u><u>6.862.849</u></u>	<u><u>0</u></u>	<u><u>4.265.974</u></u>

# Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
<b>Fastafjármunir</b>			
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	7	2.271.984	3.794.201
Sjúkrahús, D-álma .....	8	0	6.765.204
Fjölbrautaskóli Suðurnesja .....	9	355.718.833	386.478.383
		<u>357.990.817</u>	<u>397.037.788</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Óútskulduð verkefni .....		26.741.491	15.178.769
Viðskiptakröfur .....	10	25.716.118	20.725.007
Skammtímalán til Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja .....		51.209.481	46.498.200
Aðrar skammtímakröfur .....	10	3.097.989	2.416.451
Næsta árs afborgun langtímakrafna .....		0	12.673.742
Næsta árs afborgun langtímakostnaðar .....		1.803.520	1.710.060
Næsta árs afborgun vegna Sjúkrahús, D-álma .....		8.000.000	8.000.000
Næsta árs afborganir vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja .....		82.500.000	104.500.000
Handbært fé .....	10	12.703.415	7.174.939
		<u>211.772.014</u>	<u>218.877.168</u>
<b>Eignir</b>		<u>569.762.831</u>	<u>615.914.956</u>

## 31. desember 2006

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
<b>Eigið fé</b>	11		
Óráðstafað eigið fé .....		37.520.214	30.657.365
Eigið fé		<u>37.520.214</u>	<u>30.657.365</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga .....	12	391.915.596	461.983.514
		<u>391.915.596</u>	<u>461.983.514</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	13	8.435.472	12.810.044
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	13	79.456.050	65.679.419
Fyrirframútskuluð verkefni .....		37.394.625	29.422.326
Aðrar skammtímaskuldir .....	13	15.040.874	15.362.287
		<u>140.327.021</u>	<u>123.274.076</u>
Skuldir		<u>532.242.617</u>	<u>585.257.590</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>569.762.831</u>	<u>615.914.956</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006

	Skýr.	2006	2005
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjuafgangur ársins .....		6.862.849	4.265.974
Verðbætur langtímalána .....		4.952.795	2.303.771
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<u>11.815.644</u>	<u>6.569.745</u>
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun .....		(17.235.102)	7.443.204
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) .....		3.276.314	(13.242.379)
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>		<u>(2.143.144)</u>	<u>770.570</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Útlagður kostnaður vegna langtímaverkefna .....		(25.400.175)	(82.597.444)
Afborganir langtímaverkefna .....		128.326.935	113.904.416
Skammtímalán til Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja, hækkun .....		(4.711.281)	(45.369.241)
		<u>98.215.479</u>	<u>(14.062.269)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		(90.543.859)	(71.004.974)
Nýjar langtímaskuldir .....		0	86.000.000
		<u>(90.543.859)</u>	<u>14.995.026</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		5.528.476	1.703.327
Handbært fé í upphafi árs .....		<u>7.174.939</u>	<u>5.471.612</u>
Handbært fé í lok árs .....		<u>12.703.415</u>	<u>7.174.939</u>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er samband sem var stofnað af sveitarfélögum á Suðurnesjum, Sveitarfélaginu Garði, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbær og Sveitarfélaginu Vogum.

Tilgangur sambandsins er að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum komi það fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum. Kostnaður við rekstur sambandsins skal greiddur miðað við höfðatölu 1. desember ár hvert.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Niðurstaða af verkefnum sem sambandið rekur fyrir eigin reikning samkvæmt fjárhagsáætlun er færð árlega yfir rekstrarreikning. Önnur verkefni, sem hljóta sérstakar fjárveitingar, eru ekki færð yfir rekstrarreikning fyrir en þeim er lokið.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til. Fjármagnskostnaður sem tilheyrir ákveðnum verkefnum er eignfærður og kemur ekki nálægt rekstrarreikningi sambandsins fyrir en verkefninu er lokið.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári. Ef lánin tilheyra verkefnum sem haldið er utan við rekstur sambandsins þá er vaxta- og lántökukostnaður eignfærður.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

# Skýringar

## 3. Launamál

	2006	2005
Laun .....	20.735.713	20.700.132
Launatengd gjöld .....	3.633.977	3.263.427
	<u>24.369.690</u>	<u>23.963.559</u>

## 4. Fjármunatekjur

	2006	2005
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	193.390	145.505
Aðrar vaxtatekjur .....	5.941.858	701.612
	<u>6.135.248</u>	<u>847.117</u>

## 5. Fjármagnsgjöld

	2006	2005
Önnur vaxtagjöld .....	(8.457.275)	784.443
Vaxtagjöld millifærð á önnur verkefni .....	5.199.731	1.441.668
	<u>(3.257.544)</u>	<u>2.226.111</u>

## 6. Langtímakröfur- Endurlán til sveitarfélaga

Á árinu 1993 gaf sambandið út og seldi skuldabréf að nafnverði 101,1 milljón króna. Skuldabréfin eru verðtryggt með lánskjaravísitölu, bera 7,86% vexti og ávöxtunarkrafan er 7,94%. Tilgangur útgáfunnar var að endurlána sveitarfélögunum á Suðurnesjum söluandvirði bréfanna, sem eru með ábyrgð þeirra, til atvinnuuppbyggingar. Fyrsti gjalddagi bréfanna var 15. mars 1995, en þau greiðast með 48 afborgunum á þriggja mánaða fresti. Skuldin og endurkrafan hafa verið færð meðal langtímaskulda og fastafjármuna í efnahagsreikningi sambandsins ásamt áföllnum verðbótum og vöxtum í lok hvers árs en á árinu 2006 greiddist skuldin og krafan upp.

Staða 1/1.....	12.673.742
Greiddar vextir .....	464.593
Áfallnar verðbætur og breyting á áföllnum vöxtum .....	677.362
Innheimt af sveitarfélögum .....	(13.815.697)
	<u>0</u>

## 7. Langtímakröfur- Fyrirframgreiddur kostnaður

Sambandið og fyrirtæki þess hafa lagt út fyrir kostnaði við að innrétta og endurbæta skrifstofuádstöðu að Fitjum fyrir starfsemi sína. Samkomulag er við eigendur hússins um að þessi kostnaður gangi upp í húsaleigu á næstu 2,25 árum. Eftirstöðvar útlagðs kostnaðar í lok ársins nema samtals 4,1 milljónum króna og er hann færður meðal fastafjármuna og veltufjármuna þannig:

Kostnaður við innréttingar og endurbætur .....	4.075.504
Næsta árs afborgun og áfallnir vextir.....	(1.803.520)
Fært meðal fastafjármuna.....	<u>2.271.984</u>

# Skýringar

## 8. Langtímakröfur - Sjúkrahús, D-álma

Sambandið hefur haft umsjón með framkvæmdum við D-álmu sjúkrahúss Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og annast fjármögnun þeirra. Áformað er að ljúka endurgreiðslu framkvæmdanna á árinu 2007. Framkvæmdakostnaðar greinist þannig:

Staða í ársbyrjun .....	14.765.204
Innheimt af sveitarfélögum .....	(8.000.000)
Vextir af lánsfjármögnun á árinu .....	1.234.796
	<u>8.000.000</u>
Næsta árs afborganir.....	(8.000.000)
Fært meðal fastafjármuna.....	<u>0</u>

## 9. Langtímakröfur - Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Á árinu 2003 gaf sambandið út og seldi skuldabréf að nafnverði 500 milljónir króna og eru þau skráð í Kauphöll Íslands. Skuldabréfin eru verðtryggð, bera 5% fasta vexti og ávöxtunarkrafan er 5%. Tilgangur útgáfunnar er að fjármagna viðbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja og er skuldabréfalánið með ábyrgð sveitarfélaganna sem standa að Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Fyrsti gjalddagi bréfanna var 1. desember 2003, en þau greiðast með 30 afborgunum á þriggja mánaða fresti. Skuldin og endurkrafan eru færðar meðal langtímaskulda og fastafjármuna í efnahagsreikningi sambandsins ásamt áföllum verðbótum og vöxtum til loka ársins og greinast þannig:

Staða í ársbyrjun .....	490.978.383
Greiðslur frá sveitarfélögum og ríkissjóði .....	(104.500.000)
Vextir og verðbætur .....	51.740.450
	<u>438.218.833</u>
Næsta árs afborganir.....	(82.500.000)
Fært meðal fastafjármuna.....	<u>355.718.833</u>

## 10. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2006	31.12.2005
Innlendar viðskiptakröfur .....	30.040.490	24.551.924
Niðurfærsla heilbrigðiseftirlits gjalda .....	(2.997.455)	(2.500.000)
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	(1.326.917)	(1.326.917)
	<u>25.716.118</u>	<u>20.725.007</u>

Skammtímakröfur eru færðar niður um rúmlega 4,3 milljónir króna í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta skal þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi. Heilbrigðiseftirlitsgjöld, sem eru á vegum Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, eru færð niður um 2,9 milljónir króna en rúmar 1,3 milljónir króna eru vegna annara krafna. Breyting niðurfærslu skammtímakrafna á tímabilinu greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	3.826.917
Tapaðar kröfur á árinu .....	0
Gjaldfærð niðurfærsla á tímabilinu .....	<u>497.455</u>
	<u>4.324.372</u>

# Skýringar

## 10. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2006	31.12.2005
Virðisaukaskattur .....	2.502.547	2.169.304
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	595.442	215.949
Fyrirframgreidd laun .....	0	10.998
Starfsmannafélag SSS og HES .....	0	20.200
	<u>3.097.989</u>	<u>2.416.451</u>

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2006	31.12.2005
Sjóður .....	5.000	5.000
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	12.698.415	7.169.939
	<u>12.703.415</u>	<u>7.174.939</u>

## 11. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2006 .....	30.657.365
Tekjuafgangur ársins .....	6.862.849
Eigið fé 31.12.2006 .....	<u>37.520.214</u>

## 12. Langtímaskuldir

Á árinu 2003 var haldið opið skuldabréfaútbod að fjárhæð 500 milljónir króna fyrir sambandið, en skuldabréfin voru boðin til sölu á markaði og skráð í Kauphöll Íslands. Láninu er ætlað að fjármagna viðbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja og voru eftirstöðvar lánsins í lok ársins 2006 471 milljón króna. Skuldabréfin eru verðtryggt til 10 ára með þremur jöfnum árlegum afborgunum. Sveitarfélögin sem standa að Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum ábyrgjast skuldabréfin með tekjum sínum og eignum í hlutfalli við eignarhluta sem greinast þannig: Reykjanesbær 64,04%, Grindavík 14,52%, Sandgerði 8,19%, Gerðahreppur 7,75% og Vatsleysustrandarhreppur 5,5%.

	Aðrar langtímaskuldir	
	31.12.2006	31.12.2005
Skuldir í ISK .....	471.371.646	527.662.933
	<u>471.371.646</u>	<u>527.662.933</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(79.456.050)	(65.679.419)
Langtímaskuldir í árslok .....	<u>391.915.596</u>	<u>461.983.514</u>

# Skýringar

## 12. Langtímaskuldir (framhald)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	<u>Aðrar langtímaskuldir</u>
Næsta árs afborganir .....	79.456.050
Afborganir 2008 .....	79.456.050
Afborganir 2009 .....	78.103.410
Afborganir 2010 .....	77.652.530
Afborganir 2011 .....	58.763.751
Afborganir síðar .....	97.939.855
	<u>471.371.646</u>

## 13. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Innlendar viðskiptaskuldir .....	8.435.472	12.810.044
	<u>8.435.472</u>	<u>12.810.044</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Virðisaukaskattur .....	783.764	662.275
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	10.017.567	11.250.952
Ógreiddir áfallnir vextir .....	4.168.415	3.449.060
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur .....	71.128	0
	<u>15.040.874</u>	<u>15.362.287</u>

### Næsta árs afborganir langtímaskulda

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Aðrar langtímaskuldir .....	79.456.050	65.679.419
	<u>79.456.050</u>	<u>65.679.419</u>

# Skýringar

---

## 14. Skuldbindingar

Sambandið hefur á undanförunum árum greitt iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna hluta af starfsmönnum sínum og starfsmönnum tengdra fyrirtækja.

Eftirlaunagreiðslur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru miðaðar við fasta fjárhæð frá því þegar fyrsta lífeyrisgreiðslan fer fram en eftir það ber sambandið og fyrirtæki þess ábyrgð á allri hækkun lífeyris. Áfallin skuldbinding vegna lífeyrisréttinda sambandsins og fyrirtækja þess hefur verið metin af tryggingarstærðfræðingi miðað við árslok 2005 og uppreiknuð miðað við launavísitala lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn til ársloka 2006 auk 2% vaxta. Heildarlífeyrisskuldbinding vegna sambandsins, heilbrigðisefirlits og sorpeyðingarstöðvar var áætluð 203,5 milljónir króna og er hlutur þessara fyrirtækja metinn á 55,7% af þeirri fjárhæð eða 113,3 milljónir króna. Við útreikning hefur verið byggt á tilteknum forsendum um skiptingu ábyrgðar á skuldbindingunni milli lífeyrissjóðsins, ríkissjóðs og fyrirtækjanna. Einnig er byggt á ákveðnum forsendum um launa- og verðlagsbreytingar í framtíðinni. Talsverð óvissa er því um endanlega fjárhæð skuldbindingarinnar sem hefur ekki verið færð í ársreikninginn.

Skuldbindinginn skiptist þannig á milli sambandsins og tengdra fyrirtækja í milljónum króna:

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum .....	29,8
Heilbrigðisefirlit Suðurnesja .....	39,0
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja .....	44,5
	<hr/>
	113,3

## 15. Starfsmannamál

Frá og með ársbyrjun 1990 hefur sambandið annast allar launagreiðslur fyrir sameiginlega skrifstofu þess og Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja. Laun sambandsins og sorpeyðingarstöðvarinnar eru færð í gegnum sameiginlega launareikninga í bókum SSS og launakostnaður stöðvarinnar síðan skuldfærður í viðskiptareikning hennar, sjá skýringu nr. 3.

## 16. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 30. mars 2007.